

**Skrifstofa Alþingis**  
**Allsherjar- og menntamálanefnd**  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Reykjavík, 25. október 2022**  
E-2022-341/00.11

**Efni: Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð**

Vísad er til umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, dagsett 13. október 2022. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og þakkar tækifærið til umsagnar. Landsvirkjun fagnar því að reynt sé að tryggja breiða þekkingu innan Vísinda- og nýsköpunarráðs með tilnefningarnefnd. Þó þykir Landsvirkjun ástæða til að skerpa á því hvaða þekking skuli vera til staðar innan ráðsins. Þekking á helstu samfélagsáskorunum, s.s. orkuskiptum og loftslagsáhrifum ásamt lykilatvinnu- og útflutningsgreinum Íslands, er mikilvæg fyrir samhengi íslenskrar nýsköpunar. Með þetta til hliðsjónar er lögð til breyting á 5. gr. frumvarpsins (viðbót Landsvirkjunar er merkt í hornklofa):

*Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna fulltrúa til skipanar í Vísinda- og nýsköpunarráð. Við tilnefningu fulltrúa í ráðið skal tilnefningarnefnd hafa hlutverk ráðsins að leiðarljósi og leggja áherslu á að það sé skipað fólki með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á sviði vísinda, tæknipróunar og nýsköpunar. [Auk þess skal tilnefningarnefnd tryggja að þekking á helstu samfélagsáskorunum og lykilatvinnugreinum hverju sinni sé til innan ráðsins.]*

*Ráðherra skipar, að höfðu samráði við ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar, fimm einstaklinga í tilnefningarnefnd, tvo samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu samtaka fyrirtækja í atvinnurekstri, einn samkvæmt tilnefningu samtaka launafólks og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.*

Í greinargerð (3.4) er tekið fram að tilnefningarnefndin vinni í samráði við ráðuneyti og hagaðila og óski eftir tillögum að fulltrúum í ráðið. Þessi viðbót við frumvarpið myndi skýra að einhverju leyti hverjir hagaðilarnir eru ásamt því að tengja ráðið við íslenskt atvinnulíf.

Virðingarfyllst,

**Kristín Linda Árnadóttir**  
Aðstoðarforstjóri

**Ríkarður Ríkarðsson**  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptaþróunar og nýsköpunar